

## Hvernig eiga stjórnendur og kennarar að bregðast við þegar grunur eða vissa um einelti vaknar í skólanum eða hjá foreldrum skólabarna?

Þegar grunur um einelti vaknar er mikilvægt að bregðast sem fyrst við og setja af stað vöktun á þeim börnum sem í hlut eiga. Gera þarf öllu starfsfólki skólans sem kemur að viðkomandi börnum viðvart og mikilvægt er að skrá atvik á þar til gerð eyðublöð. Skráning þessi er mjög gagnlegt hjálpartæki þegar tekið er til við að vinna með eineltismál, í viðtölum við nemendur og foreldra þeirra. Nauðsynlegt er einnig að hafa samband við foreldra þolanda og gerenda. Foreldrar þolandans eru beðnir að hafa sérstaka gát á líðan barnsins. Þegar staðfest hefur verið að um einelti er að ræða eru tekin alvarleg viðtöl við gerendur og foreldrar þeirra látnir vita þegar í stað eða boðaðir á fund í skólanum. Einstaklingsbundin viðtöl eru endurtekin reglulega (oftast vikulega) við gerendur þar til ljóst er að látið hefur verið af eineltinu.

Sannfæra þarf þolanda um að verið sé að vinna að því að stöðva eineltið. Það er forgangsmatariði að þolandi í eineltismáli viti að fullorðna fólkið í skólanum geri allt sem í þess valdi stendur til að koma í veg fyrir að aðrir nemendur komist upp með að valda honum þjáningum. Stutt viðtöl með reglulegu millibili þar sem rætt er um líðan og stöðuna í málunum eru nauðsynleg.

Oft verða foreldrar fyrst varir við að eitthvað amar að hjá börnunum og hafa samband við skólann. Þegar það á sér stað er full ástæða fyrir stjórnendur skóla og kennara að taka mark á viðkomandi og forðast að gera lítið úr málinu vegna þess að besta leiðin til að vinna gegn einelti og andfélagslegri hegðun er að eiga öflugt og gott samstarf við foreldra.

Einelti er ekki einkamál þolanda og gerenda. Það kemur öllum við. Þar sem einelti fær að þrífast er vanlíðan og kvíði hjá nemendum sem leitt getur til alvarlegra áfalla.

Hvað er einelti? Hvernig getur maður vitað hvort viðkomandi er „bara strítt“ eða hvort um einelti er að ræða?

Samkvæmt Olweusaráætluninni er einelti árásgjarnt eða illa meint atferli sem endurtekið er um tiltekinn tíma. Ójöfn valdahlutföll eru milli gerenda og þolanda. Gerendur eru líkamlega eða andlega sterkari aðilinn í þessum málum. Þolandi í einelti er ævinlega mótfallinn þeirri stríðni eða hunsun sem hann verður fyrir. Honum líður illa vegna þess sem honum er gert, en á oftast nær erfitt með að verja sig.

Í flestum skólum á Austurlandi hefur Olweusaráætlun verið innleidd sem forvörn gegn einelti. Starfsfólk í þeim skólum hefur fengið fræðslu um einelti og á að vita hvernig bregðast skal við einelti. Sé langt síðan Olweusaráætlun var innleidd er mikilvægt að endurtaka lestur handbókarinnar sem starfsmenn eiga að hafa að leiðarljósi og rifja upp helstu áherslu atriði áætlunarinnar. Starfsfólk skóla er aldrei útlært í þessum efnum, það þarf sífellt að vera á tánum í skólasamfélaginu, gegn þessum vágesti sem einelti er. Halda þarf reglulega

Olweusarfundir fyrir starfsfólk í öllum skólum sem gefa sig út fyrir að vera Olweusarskólar. Það er eina leiðin til að starfsfólk skóla haldi vöku sinni gagnvart einelti og andfélagslegri hegðun nemenda.

Þar sem starfsfólk skóla og foreldrar halda vöku sinni gegn einelti þrífst það síður. Þess má geta að dregið hefur talsvert úr einelti í skólum hér á Austurlandi síðustu þrjú árin en árlega er lögð fyrir eineltiskönnun fyrir nemendur í 4. – 10. bekk í þeim skólum sem innleitt hafa Olweuaráætlunina og því hægt að fylgjast með árangri af starfinu. Langt er þó frá að einelti hafi verið útrýmt algjörlega og því nauðsynlegt að halda markvissri vinnu gegn einelti áfram í öllum skólunum. Þess má geta að einelti mældist um 8% á landinu öllu fyrir ári síðan.

Því miður er einelti ekki bundið við skólana eina, það fylgir nemendum út í sumarið einnig. Þess vegna er mikilvægt að starfsmenn vinnuskóla séu settir inn í eineltismál þannig að þeir geti haft gát á samskiptum viðkomandi unglunga yfir sumarið. Því mæli ég eindregið með því að stjórnendur skóla setji stjórnendur vinnuskóla í hverjum bæ fyrir sig inn í þau mál sem ekki hefur endanlega tekist að leysa í skólunum þannig að vöktun sé í gangi yfir sumartímann einnig. Þetta á einnig við um íþróttafélög og annað tólmstundastarf sem nemendur taka þátt í utan skóla.